

Nr. 129 / 09 Tómas Þorvaldsson GK 10***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1006
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 334 brl. 504 bt.
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 15



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. nóvember 2009 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum út af SA ströndinni. Veður: NA 4 m/s, ölduhæð 1 m.

Skipverji var að hagræða fiski sem var í falsi á lúgu sem lá úr aðgerðakassanum að aðgerðaborðinu þegar hann lokaði lúgunni á hægri hönd sína og fékk opið sár.

Við rannsókn kom fram:

- að lúgan á móttökukassanum er rennilúga í falsi sem felld er niður við lokun. Hún er drifin af þrýstiloftstjakk bæði til lokunar og opunar. Stjórnun tjakksins er í rofa sem er staðsettur á móttökukassapílinu fyrir framan slasaða þar sem hann stóð við aðgerðaborðið;
- að slasaði sagðist hafa ætlað að hagræða fiski, með hægri hendi, sem annars hefði orðið á milli við lokun, en með vinstrihendi hafi hann stjórnað lokun en lúgan lokast mjög hratt.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.